

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2009 frá 29. maí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/67/EB frá 30. júní 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32008 L 0067**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/67/EB frá 30. júní 2008 (Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 16).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 L 0067**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/67/EB frá 30. júní 2008 (Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 16).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/67/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 31.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 16.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.